


## Auglýsing

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1906.




*Skrás. 1906 nr. 1.*  
Tilkynnt 3. febrúar 1906 kl. 12,<sup>15</sup> sídd. af hlutafjelaginu »*Det danske Petroleums Aktieselskab*« í *Kaupmannahöfn* og skrás. 8. s. m.

Lýsing á merkinu:  
Á hringmynduðum einkunnarmiða stendur að ofanverðu í boga: *Royal Daylight* og þar fyrir neðan: *Petroleum*. Neðst eru þrjár stjörnur.

*Skrás. 1906 nr. 2.*  
Tilkynnt 3. febrúar 1906 kl. 12,<sup>15</sup> sídd. af hlutafjelaginu »*Det danske Petroleums-Aktieselskab*« í *Kaupmannahöfn* og skrásett 8. s. m.

Lýsing á merkinu:  
Á hringmynduðum einkunnarmiða stendur að ofanverðu í boga: *Royal Daylight*, undir því: *Petroleum* og þar fyrir neðan stafirnir: *D. D. P. A.* Neðst eru þrjár stjörnur.



*Skrds. 1906 nr. 3. Tilkynt 31. október 1906 kl. 6,<sub>20</sub> sídd. af Waldemar 146 Petersen stórkaupmanni, Nyvej 16, Kaupmannahöfn og skrásett 3. nóvember s. á.*

Lýsing á merkinu: Aflangt, ferhyrnt merki, er í miðjunni skiptist í reiti af beinum línum. Í miðreitnum, á hrufóttum fleti, stendur Kínverji á tigludum fleti, og heldur á fullu glasi í hendinni; í tveim ytri reitunum til hvorrar hliðar er kínverskur turn annarsvegar, en kínverskt ker hinsvegar. Ofan til í merkinu er rautt band brugðið, og á það letrað með hvítum bókstövum: *Kína-lífs-elixír*; þar fyrir neðan eru myndir af verðlaunapeningum, en neðst í merkinu er dökkleit tafla, og á hana letrað með hvítum stövum: *Búinn til af Valdemari Petersen, Frederikshavn.*



Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn, samkv. tilkynningu, dags. 24. septbr. 1885, og síðan tvívegis endurnýjað þar.

Samkv. 12. gr. laga 13. nóvbr. 1903 um vörumerki, er nr. **3 1905** (*Thor E. Tulinius, Kaupmannahöfn*) afmáð úr vörumerkjaskránni 3. febrúar þ. á. eptir beiðni tilkynnanda.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík 31. desbr. 1906. —